

58
ára

1965 - 2023

Aðalfundur

Borgartúni 6 • 105 Reykjavík

23. maí 2023



ÞROSKAÐJÁLFAFÉLAG
ÍSLANDS

Áræðni - Framþróun - Sveigjanleiki

Dagskrá

Þessi eru skyldustörf aðalfundar:

- a) Kosnir starfsmenn fundarins
- b) Formaður leggur fram skýrslu stjórnar
- c) Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu og gerir grein fyrir fjárhag þess
- d) Lagabreytingar
- e) Kosning í stjórn, nefndir og ráð
- f) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og eins til vara
- g) Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld ákveðin
- h) Önnur mál



Umbrot: Margrét Kröyer

Skýrsla stjórnar starfsárið 2022 - 2023

Stjórn PÍ skipuðu:

Laufey Elísabet Gissurardóttir formaður, **Halldóra Jóhannesdóttir Sanko** varaformaður, **Steinunn Jónsdóttir** ritari, **Bjarnveig Magnúsdóttir** gjaldkeri og meðstjórnendurnir, **Hanna Kristín Sigurðardóttir**, **Jóhanna Lilja Ólafsdóttir** og **Særún Ósk Bööðvarsdóttir**.

Tengiliðir við nefndir og ráð:

Halldóra Jóhannesdóttir Sanko er tengiliður við trúnaðarmannaráð og fulltrúi í stjórn NFFS. **Hanna Kristín Sigurðardóttir** er tengiliður við fagråd. **Bjarnveig Magnúsdóttir** er tengill við

vísindasjóð. **Særún Ósk Bööðvarsdóttir** er tengiliður við Þroskahjálpa og við laganefnd. **Jóhanna Lilja Ólafsdóttir** er tengill við útgáfuråd. **Anna Lilja Magnúsdóttir**, framkvæmdastjóri PÍ, er tengiliður við Kjörnefnd og Vísindasjóð.

Laufey Elísabet Gissurardóttir er tengiliður við Siðanefnd, og fulltrúi í stjórn NFFS.

Hér á eftir verður greint frá því helsta í starfi stjórnar á liðnu ári.

Hlutverk skrifstofu

Á skrifstofu félagsins starfar formaður, Laufey Elísabet Gissurardóttir, og framkvæmdastjóri, Anna Lilja Magnúsdóttir, í fullu starfi. Starfsemi félagsins hefur verið að færaast í samt hof eftir Covid-19 heimsfaraldurinn en þó hafa rafrænar lausnir haldið sér á mörgum sviðum. Stjórnarfundir voru bæði rafrænir og á staðnum, sama á við um viðræður vegna stofnana-samninga og annarra kjaramála, fundir með félagsfólki og fræðsla sem og samstarf við BHM, önnur aðildarfélög. Á skrifstofunni eru unnin flest þau verk-efni sem snúa að rekstri félagsins og stjórnun þess. Meðal helstu verkefna má nefna:

- Ráðgjöf vegna kjara- og réttindamála.
- Ráðgjöf vegna ráðningarsamninga.
- Ráðgjöf vegna starfsmats hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum.
- Kjarasamningagerð og stofnana-samningagerð.
- Upplýsingar varðandi launakjör og launaþróun.
- Fræðsla frá formanni og framkvæmdastjóra út á stofnunum/fyrirtækjum þar sem félagsfólk starfar.
- Lögfræðipjónustu BHM á sviði vinnuréttar.
- Aðstoð við lausn ágreiningsmála á vinnustað.
- Ráðgjöf til félagsfólks í atvinnuleit og stuðningur til atvinnulausra félagsfólks.
- Félagið er talsmaður/fulltrúi félagsfólks í einstaklingsmálum, ef óskað er eftir.
- Annast samstarf við NFFS (*nordisk forum for socialpedagoga og situr formaður ásamt vara-formanni í stjórn NFFS*) einnig samstarf við AIEJI sem eru alþjóðleg samtök þroskahjálfa/social educators.
- Aðgang að sjóðum BHM (Styrktarsjóður, Sjúkra-sjóður, Orlofssjóður, Starfsmenntunarsjóður, Starfsþróunarsetur háskólamanna).
- Aðgang að orlofshúsum BHM.

- Styrki úr Vísindasjóði og fag- og fræðslusjóði.
- Félagið birtir atvinnuauðgýsingar fyrir félagsfólk og vinnustaði.
- Halda yfirlit yfir og bókfæra innheimt félagsgjöld og önnur samningsbundin og lögboðin gjöld.
- Annast skráningu nýs félagsfólks og viðhalda félagaskrá og netfangalista.
- Senda grunnupplýsingar til vinnuveitenda varðandi félagsgjöld og sjóði.
- Annast skjalavörslu, bréfaskriftir og upplýsingamiðlun.
- Annast dagleg samskipti við viðskiptaaðila, s.s. stjórnir, nefndir, ráð, BHM, DK, viðskiptabanka og Advania.
- Aðstoða félagsfólks, trúnaðarmenn og fulltrúa í samstarfsnefndum og kjaranefndum við túlkun og framkvæmd kjarasamninga.
- Undirbúa félagsfundir.
- Undirbúa starfsdaga ásamt undirbúningsnefnd fagråðs og stjórnar PÍ.
- Undirbúa málþing ásamt undirbúningsnefnd fagråðs og stjórnar PÍ.
- Undirbúa fræðslu PÍ.
- Funda með trúnaðarmönnum og félagsfólki á vinnustöðum um allt land sem og á fjarfundum.
- Vinna tengd BHM svo sem í nefndum og ráðum.
- Undirbúningur fyrir aðalfund.
- Vera í tengslum við ráð og nefndir félagsins.
- Fræðsla til háskólanema.
- Vinna við starfsmat.

Reikningsár skrifstofunnar er almanaksárið. Reikningar eru skoðaðir af gjaldkera og skoðunarmönnum félagsins. Félagið er með keypta þjónustu hjá bókara og löggildan endurskoðanda til að sjá um bókhald félagsins.

Hefðbundin stjórnarstörf

Stjórn fundaði reglulega á árinu eða í alls 9 skipti. Áhersla hefur verið á undirbúning og viðræður vegna kjarasamninga sem losnuðu 31. mars sl. Auk þess hafa umfjöllunarefni stjórnar þetta árið verið fagmál, erlent samstarf, starfsemi BHM auk rekstrarmála félagsins.

Starfsárið 2022 - 2023

Fundir með stjórn ÞÍ, nefndum og ráðum var haldinn 13. október 2022. Í ráðum og nefndum félagsins þetta starfsár voru:

Fagráð

Særún Sigurjónsdóttir (2021-2023)
Halldóra Kolka Ísberg (2022-2024)
Auður Kvaran (2021-2023)
Kolbrún Stígsdóttir (2022-2024)
Lilja Össurardóttir (2021-2023)
Sunna Mjöll Bjarnadóttir (2022-2024)
Ólöf Haflína Ingólfssdóttir (2022-2024)

Tengiliður við stjórn:

Hanna Kristín Sigurðardóttir

Kjörnefnd

Íris Björk Ágústsdóttir (2022-2024)
Álfheiður Hafsteinsdóttir (2021-2023)
Valborg Helgadóttir (2021-2023)
Hanna Guðrún Sigurjónsdóttir (2022-2023)
Ragnhildur Þórarinsdóttir (2022-2024)

Tengiliður við stjórn: **Anna Lilja Magnúsdóttir**

Laganefnd

Arne Friðrik Karlsson (2022-2024)
Björn Finnbogason (2022-2024)
Ólafía M. Hinriksdóttir (2021-2023)
Bjargey Hinriksdóttir (2021-2023)
Bryndís Guðmundsdóttir (2021-2023)

Tengiliður við stjórn: **Særún Ósk Böðvarsdóttir**

Útgáfuráð

Jenný Þórkatla Magnúsdóttir (2022-2024)
Rla Björgvinsdóttir (2022-2024)
Guðrún Benjamínsdóttir (2022-2024)
Trausti Júlíusson (2021-2023)
Rósa Hrönn Árnadóttir (2021-2023)
Helga Sigurðardóttir (2021-2023)
Laufey Elísabet Löve frá Rannsóknarstofu í þroskaþjálfraðum

Tengiliður við stjórn: **Jóhanna Lilja Ólafsdóttir**

Vísindasjóðsstjórn

Valborg Helgadóttir, formaður
Bjarnveig Magnúsdóttir, gjaldkeri ÞÍ
Þórunna Halldórsdóttir, ritari

Tengiliður við stjórn: **Anna Lilja Magnúsdóttir**

Siðanefnd

Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir (2021-2024)
Guðný Sigurjónsdóttir (2022-2024)
Signý Þórðardóttir (2020-2023)

Varamenn:

Árni Már Björnsson (2021-2024)
Friðrik Sigurðsson (2022-2025)
Guðbjörg Birna Guðmundsdóttir (2020-2023)

Tengiliður við stjórn: **Laufey Elísabet Gissurardóttir**

Skoðunarmenn reikninga eru **Sigríður Rut Hilmarsdóttir** og **Fanney Sumarliðadóttir**

Stéttarfélagar eru 788 talsins auk 12 fagaðila og eru konur í meirihluta eða 746 og karlar 54. Auk þess eru namar í þroskaþjálfraðum skráðir með nemeaðild.



**ÞROSKAÞJÁLFAFÉLAG
ÍSLANDS**

Áræðni - Framþróun - Sveigjanleiki

Í trúnaðarmannaráði eru:

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins
Herdís Hersteinsdóttir

Framhaldsskólar
Vantar

Ás styrktarfélag/búseta
Aðalbjörg Jónsdóttir

Ás styrktarfélag/dagþjónusta
Herdís Halla Ingimundardóttir

Ás styrktarfélag/dagþjónusta
Andrea Bergmann Halldórsdóttir

Skálatúnsheimilið
Vantar

Hafnarfjörður leikskólar
Lilja Sólrún Guðmundsdóttir

Grunnskólar Hafnarfjarðar
Margrét Erla Haraldsdóttir

Víðivellir í Hafnarfirði
Kristín Helga Skarphéðinsdóttir

Reykjanesbær
Sigrún Sigurðardóttir

Reykjavík-búseta
Ingibjörg Elín Jóhannsdóttir

Reykjavík-dagþjónusta
Oddrún Ólafsdóttir

Grunnskólar Reykjavíkur
Ragnheiður E. Ragnarsdóttir

Fellaskóli grunnskóli í Reykjavík
Gunnhildur Halldóra Axelsdóttir

Mosfellsbær
Gestur Guðrúnarson

Klettaskóli
Guðríður M. Eyvindardóttir

Leikskólar Reykjavíkur
Helga Jónína Sigurjónsdóttir

Seltjarnarnesbær
Vantar

Norðurland
Vantar

Grunnskólar Akureyrar
Ólafur Aron Pétursson

Suðurland, búseta-dagþjónusta
Guðrún Linda Björgvinsdóttir

Grunn- og leikskólar á Suðurlandi
Nína Kjartansdóttir

Vesturland - Akranes
Kristín Ósk Karlsdóttir

Suðurland – Setrið
Marie Louise Fogh Schougaard

Norðurland vestra
Ragnheiður Rögnvaldsdóttir

Reykjavíkurborg - Norðurmiðstöð
Damian Marek Idzikowski

Vestfirðir
Birgitta Rós Björnsdóttir

Garðabær
Guðný Bachmann

Ríki Landspítali
Gerður Pálsdóttir

Grunnskólar Kópavogs
Þórunn Guðrún Einarsdóttir

Kópavogur/Velferðarsvið
Jóhanna Lilja Ólafsdóttir

Frístundahluti SFS Reykjavík
Þórunn Skúladóttir

Vestmannaeyjar
Sunna Jónsdóttir

Austurland
Guðbjörg Gunnarsdóttir

Akranes
Kristín Ósk Karlsdóttir

Suðurland - Leik- og grunnskóli
Nína Kjartansdóttir

58
ára



Fjölmennt á trúnaðarmannafundi félagsins í september 2022

Kjaramálin

Kjarasamningar við ríki, Reykjavíkurborg, sveitarfélög, Ás styrktarfélag, Skálatún og samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) voru undirritaðir á árinu 2020 og giltu til 31. mars 2023. Á tímabilinu var unnið að útfærslu og eftirfylgni vegna bókana í samstarfi við önnur félög innan BHM en einnig bókanir sem eingöngu eiga við um PÍ.

Jafnframt fór af stað undirbúningur á vettvangi BHM um málefni sem eru sameiginleg fyrir aðildarfélög bandalagsins og fól formannaráð formanni BHM að leiða viðræður en lögd var áhersla á að samningur taki við af samningi. Formaður og framkvæmdastjóri hafa tekið þátt í samfloti BHM vegna kjaraviðræðna. Formaður og fulltrúar í stjórn PÍ sóttu námskeið á vegum ríkissáttasemjara í maí 2022 til undirbúnings kjara- viðræðna.

Fundað hefur verið með trúnaðarmönnum og haldinn var starfsdagur með trúnaðarmönnum.

Í byrjun árs 2023 fór af stað samflot BHM, BSRB og KÍ og voru sameiginlegar viðræður við ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga sem endaði með rammasamkomulagi aðila undirritað í byrjun apríl 2023. Í kjölfarið hófu aðildarfélög BHM viðræður við aðila, hvert í sínu lagi og í samstarfi við önnur félög. PÍ undirritaði samkomulag við ríki 3. apríl sem samþykkt var af félagsfólki með 85,71% atkvæða en kosningaþátt-taka var 58,33%.

Viðræður standa yfir við Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga en PÍ er í samfloti með nokkrum félögum heilbrigðisstétta innan BHM. Áætlað er að hefja viðræður við SFV í byrjun maí með félögum innan BHM sem eru með sameiginlegan samning.

Þegar búið er að gera kjarasamning við Reykjavíkurborg verður gerður kjarasamningur við Ás styrktarfélag og Skálatún.

Kjarasamningur PÍ við almenna markaðinn er einnig sameiginlegur við nokkur BHM félög og er sá samningur ekki tímabundinn, heldur endurskoðaður þegar þurfa þykir. Tveir stofnanasamningar voru undirritaðir á starfsárinu, þ.e. nýr stofnanasamningur við LSH var undirritaður í júní 2022. Endurnýjaður stofnanasamningur PÍ við Vinnumálastofnun í september 2022 ásamt nokkrum öðrum félögum innan BHM

Varðandi innleiðingu á Betri vinnutíma í dagvinnu hefur verið sett inn í verkáætlun í næstu kjarasamningum um framlengingu á fylgiskjali með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi. Settur verður á laggirnar vinnuhópur þvert á opinbera launagreiðendur og bandalög/stéttarfélög líkt og er vegna betri vinnutíma í vaktavinnu.

Betri vinnutími í vaktavinnu / framlenging á fylgiskjali með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi. Vettvangur stýrihóps heldur áfram.

Almennt hefur tekist vel til með að stytta vinnu-vikuna en þó þarf að sníða af ýmsa vankanta á sumum stöðum hefur styttingin aukið vinnuálagið en það endurspeglar yfirleitt þann mönnunarvanda sem var fyrir, til dæmis í leikskólum og velferðarþjónustu. BHM á fulltrúa í öllum þeim innleiðing-arhópum sem hafa verið skipaðir vegna styttingar vinnuvikunnar, auk þess að eiga fulltrúa í stýrihópi og matshópi. Formaður og framkvæmdastjóri PÍ eru fulltrúar bandalagsins í innleiðingarhópi hjá sveitarfélögunum og Reykjavíkurborg um styttingu vinnuvikunnar hjá vaktavinnufólki.

Formaður PÍ hefur verið varamaður BHM í stýrihóp og setið fundi hjá stýrihópi. Finna má allar helstu upplýsingar inni á www.betrivinnutimi.is bæði hvað varðar dag- og vaktavinnu.

Heilbrigðisstéttir innan aðildarféлага BHM hafa stofnað starfshóp og fundað reglulega og sett sér markmið. Meginmarkmið starfshópsins er að beina kastljósi að sameiginlegum hagsmunum heilbrigðisstétta innan BHM hvað varðar kaup og kjör og áherslur í komandi kjaraviðræðum. Hafa þarf hugfast að heilbrigðisstéttir starfa víða á opinberum vinnumarkaði, það er í heilbrigðis-, félags- og menntaþjónustu. Vísendingar eru um að heilbrigðisstéttir innan BHM séu lægra launasettar en aðrar stéttir með sambærilegt menntunarstig og

ábyrgð sem starfa á öðrum sviðum. Þetta má meðal annars sjá í grunnröðun starfa í stofnanasamningum og í meðaltölum atvinnutekna. Það er einkum tvennt sem blasir við að þurfi að gera:

1. Leiðrétta launasetningu háskólamenntaðra heilbrigðisstétta á opinberum vinnumarkaði
2. Takast á við nýliðunarvanda og skort á heilbrigðisstarfsfólki

BHM

Þroskaþjálfafélagið er þátttakandi í starfi BHM. Framkvæmdastjóri ÞÍ er formaður í stjórn Styrktarsjóðs og fyrir hönd BHM í starfsmatsnefnd Reykjavíkurborgar. Gerður Pálsdóttir, trúnaðarmaður ÞÍ, er formaður stjórnar Orlofssjóðs BHM.

Formannafundur BHM eru haldnir mánaðarlega þar sem farið er yfir mál aðildarféлага og bandalagsins. Formaður tekur þátt í formannaráðsfundum en þar sitja formenn aðildarféлага bandalagsins. Formannaráð fer með æðsta vald milli aðalfunda BHM. BHM stóð fyrir fjölbreyttri fræðslu af ýmsum toga á síðasta ári. Á námskeiðsvef BHM er hægt að kynna sér hvað er í boði. Fræðsluefni fyrir trúnaðarmenn var fært yfir á rafrænt form og er því mun aðgengilegra nú en áður.

BHM hefur endurnýjað samstarfssamning sinn við Akademias fyrir árið 2023-2024. Nú má þar finna fjölda námskeiða um tæknimál, námskeið í forritum Office pakkans, námskeið í netöryggi og margt fleira. Alls er um að ræða 105 námskeið og eru fleiri væntanleg. Nánar um þessi námskeið og fleiri námskeið er að finna inn á heimasíðu BHM www.bhm.is/um-bhm/vidburdir

Þroskaþjálfafélag Íslands sendi frá sér yfirlýsingu 8. nóvember 2022 ásamt Félagsráðgjafafélag Íslands, Iðjupjálfafélag Íslands, Sálfræðingafélag Íslands vegna handtöku og brottvísunar fatlaðs manns þar sem tekið var undir yfirlýsingu Landsamtakanna Þroskahjálpar frá 3. nóvember um framkvæmd brottvísunar fatlaðs flóttamanns.

Fræðslufundir og starfsdagar

Þann 3. október 2022 stóð ÞÍ fyrir kynningu í Borgartúni á „Geðheilsuteymi taugapróskarakana og helstu áskoranir“. Þroskaþjálfarnir Bjargey Una Hinriksdóttir, teymisstjóri Geðheilsuteymisins og Gunnhildur Á Jóhannsdóttir, þroskaþjálfari Geðheilsuteymisins, sáu um kynninguna.



Starfsdagar ÞÍ voru haldnir í Hveragerði 26. og 27. janúar. Yfirskrifin var Þroskaþjálfinn, fagmaðurinn og ég. Mikilvægt var að geta haldið starfsdaga eftir næstum tveggja ára samkomutakmarkanna. Met þátttaka var á starfsdögunum um 250 þroskaþjálfar mættu til leiks. Mikil ánægja var með dagana og á fagræð ÞÍ miklar þakkir fyrir gott skipulag og innihaldsríka daga.



Alþjóðlegur dagur proskapjálfa

2. október ár hvert er haldið upp á alþjóðlegan dag proskapjálfa um allan heim. Proskapjálfar hafa kunnáttu og þekkingu til að veita fötluðu fólki og öðrum sem hafa skerta færni þann stuðing og þjónustu sem það þarfnast á hverjum tíma. Reynslan sýnir að proskapjálfar hafa mikilvægu hlutverki að gegna og þjóna fjölbreyttum hópum í samfélaginu.



Proskapjálfinn 2023

Í proskapjálfanum sem kemur út nú í maí árið 2023 eru ýmsar áhugaverðar greinar eftir **Friðrik Sigurðsson**, **Valgerði Unnarsdóttur**, **Katarzyna Beata Kubis**, **Klaudia Rymon-Lipińska**, **Ingibjörgu Rún Jóhannesdóttur**, **Ragnheiði Ósk Guðmundsdóttur**, **Laufeyju Löve**. **Erla Björgvinsdóttir** skrifar um starfsdaga PÍ sem haldnir voru í janúar 2023, Proskapjálfinn fagmaðurinn og ég. Einnig er í blaðinu sagt frá könnun sem útgáfuráð lét gera um hvar proskapjálfar starfa og rætt við proskapjálfa sem eru í nýjum hlutverkum sem proskapjálfar.

Erlent samstarf

Proskapjálfafélag Íslands á aðild að Nordisk Forum for socialpedagoger (NFFS) samtökum norrænnar proskapjálfa. Í þessu samstarfi eru félög frá Noregi, Danmörku, Færeyjum og Grænlandi. Á síðasta ári var haldinn stjórnarfundur hjá NFFS 20. og 21. júní í Osló og á þann fund mætti formaður og varaformaður PÍ. Einnig var haldinn stjórnarfundur 17. og 18. nóvember í Færeyjum. Á þessum fundum er farið yfir svo kölluð landsrapport, löndin senda inn fyrir fundinn skýrslu frá hverju landi þar

sem kemur fram meðal annars; núverandi stjórn málaástand, kjaramál og vinnuaðstæður, vinnutími, atvinnuleysi í löndunum, námið, innra starf félaganna eins og starfsdagar málþing og fl. Næsti fundur verður haldinn í Reykjavík í 12. og 13. júní og 19. og 20. október á þessu ári. Þí leiðir samstarfið 2023 og eru þá fundirnir haldnir á Íslandi. Félagið er með aðild að AIEJI (International Association of Social Educators). Stjórn samtakanna hittist að jafnaði tvisvar á ári og



eru fundir haldnir á mismunandi stöðum, til að styðja við starfsemi aðildarfélags í viðkomandi landi. Aieji heldur heimsráðstefnu árið 2025 í Kaupmannahöfn, gaman væri að íslenskir proskapjálfar myndu fjölmenna á heimsráðstefnuna.

Áræðni - Framþróun - Sveigjanleiki



Samstarf við háskólasamfélagið

Í júní 2022 var fyrsti útskriftarhópurinn sem útskrifaðist með fjöggra ára nám í þroskaþjálfrafræði til starfsleyfis, það er 180 ECTS eininga BA próf í þroskaþjálfun auk 60 ECTS einingar viðbótarprófi á meistarastigi í þroskaþjálfun. Útskriftin fór fram í húsnæði Þroskaþjálfafélagsins, þetta var stór dagur og mikil gleði.



Fagrað 2022-2023

Samkvæmt viljayfirlýsingu sem Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Þroskaþjálfafélag Íslands hafa undirritað um faglegt samstarf er kveðið á um að báðir aðilar komi á sameiginlegum vettvangi til faglegrar umræðu um störf, starfsvettvang og menntun þroskaþjálfa og skal sérstaklega tiltaka símenntun og framhaldsmenntun fagstéttarinnar. Hefur félagið átt tvo fundi með Menntavísindasviði Háskóla Íslands á starfsárinu.

Nefndir og ráð félagsins hafa fundað í gegnum fjarfundabúnað og í raunheimum síðasta starfsárs eins og stjórn félagsins. Mikilvægt er að hafa virkt

félagssólk sem endurspeglast í starfi félagsins. Þessum aðilum verður seint fullþakkað. Sjá skýrslur frá ráðum og nefndum félagsins hér aftar í skýrslunni. Stjórn vill þakka öllum þeim þroskaþjálfum sem hafa komið að starfi félagsins sérstaklega fyrir vel unnin störf.

Reykjavík 1. maí 2023

Fyrir hönd stjórnar Þroskaþjálfafélags Íslands,

Laufey Elísabet Gissurardóttir,
formaður PÍ

Skýrsla gjaldkera starfsárið 2022-2023

Gjaldkeri vann með formanni og framkvæmdastjóra félagsins árið 2022. Hann hefur átt samráð við formann, framkvæmdastjóra og stjórn um rekstur félagsins. Gjaldkeri situr í stjórn Vísindasjóðs PÍ og greiðir út styrki með framkvæmdastjóra. Félagssjóður skilaði rekstrarhagnaði upp á **kr.: 7.568.274,-** eftir fjármagnsliði árið 2022.

Störf gjaldkera eru:

- Vinnur með framkvæmdastjóra.
- Veitir ráðgjöf og aðhald varðandi rekstur félagsins.
- Kemur að gerð fjárhagsáætlunar.
- Gjaldkeri er einnig gjaldkeri verkfalls- og vísindasjóðs félagsins.

Skýrsla trúnaðarmannaráðs 2022-2023

Trúnaðarmannaráð hélt 3 fundi á starfsárinu, 23.09. 2022, 22.11.2022 og 17.04.2023. Einn fundur var haldinn í Borgartúni en tveir fundir voru í formi fjarfunda.

Allir þrír fundirnir voru tileinkaðir kjarasamningum en kjarasamningar Proskapjálfafélags Íslands við ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga voru lausir 31. mars 2023. Trúnaðarmannaráð vann drög að kröfugerð sem

samninganefndir höfðu að leiðarljósi í samninga- viðræðum. Töluverðar umræður voru um styttingu vinnuvikunnar og hvernig innleiðing hennar hefur gengið.

Auk undirbúnings fyrir kjaraviðræður fengu trúnaðarmenn kynningu á Starfsþróunarsetri Háskólamanna og voru þeir hvattir til að benda félagsfólki PÍ að nýta sér sjóðinn.

Skýrsla laganefndar 2022-2023

Lagnefnd var með 4 fundi auk reglulegs samráðs á milli funda. Hlutverk laganefndar er að vinna að og gera tillögur að lagabreytingum á lögum félagsins. Engar óskir bárust frá félagsmönnum né stjórn félagsins um að gera lagabreytingar starfsárið 2022 til 2023. Lagnefnd gerði sér verkáætlun á starfsárinu: Markmiðið var að rýna lögina og skoða hvort þau væru í takt við íslensk samfélag og umhverfið sem proskapjálfa starfa í. Einnig að skoða hvort orðanotkun í lögnum sé í takt við fjölbreytileika samfélagsins. Skoða lög sambærilegra stéttafélaga og bera þau saman við lög Proskapjálfa. Þegar laganefnd hafði yfirfarið lögina og borið saman við sambærilegar stéttarfélög var ákveðið að senda bréf til stjórnar Proskapjálfafélags Íslands þann 23. febrúar 2022 þar sem óskað var eftir skriflegum svörum við ákveðnum málefnum og barst svarið þann 28. mars.

Hér á eftir koma fyrirspurnirnar frá laganefnd og svör stjórnar félagsins.

👉 Eitt af verkefnum laganefndar á starfsárinu 2022 til 2023 var að lesa heildstætt yfir lög félagsins og skoða orðalag út frá fjölbreytileika samfélagsins og íslenskri málfræði. Lagnefnd óskar eftir leyfi frá stjórn Proskapjálfafélagsins til að kaupa þjónustu sérfræðings í íslensku til að

endurskrifa lög félagsins svo að þau ávarpi öll kyn m.t.t. breytinga á íslenskt málfari og að merking laganna breytist ekki. Lagnefnd telur mikilvægt að lögina séu uppfærðbreytinga sem orðið hafa á íslensku málfari og til að tryggja að túlkun þeirra haldist óbreytt er mikilvægt að kaupa þjónustu sérfræðing.

Svar stjórnar:

„Stjórn samþykkir að fá lögmann Bandalagsins til að lesa lögina heildstætt yfir til að tryggja að þrátt fyrir þær lagabreytingar sem gerðar hafa verið undanfarin ár sé gott heildarsamhengi milli lagagreina og kafla. Eftir þann yfirllestur verða lögina send í yfirllestur til þess bærs aðila með tilliti til kynja og íslenskrar málfræði“.

👉 Laganefnd telur mikilvægt að það komi fram í lögnum að Proskapjálfafélagið geti ráðið sér framkvæmdastjóra og /eða starfsmann. Einnig að framkvæmdastjórinn og /eða starfsmaðurinn starfi eftir starfslýsingu sem skýrir hlutverk hans hjá félaginu. Auk þess þarf svo að ávarpa hvort að framkvæmdastjóri og /eða starfsmaður félagsins sitji stjórnarfundum, og ef svo hvert hlutverk hans er á fundunum og hvort hann hafi atkvæðisrétt. Laganefnd óskar eftir álit stjórnar á framangreindu.

Svar stjórnar:

„Varðandi það að setja ráðningu framkvæmdastjóra eða annars starfsfólks félagsins í lög ÞÍ þá hefur það ekki komið til umræðu í stjórn. Stjórn hefur hins vegar leyfi til að ráða framkvæmdastjóra og annað starfsfólk í umboði aðalfundar sem er æðsta vald félagsins samkvæmt lögum. Það hefur einu sinni komið til umræðu á aðalfundi að ráða framkvæmdastjóra (árið 2010) og nokkrum sinnum hvort þörf sé á ráðningu viðbótar starfsfólks. Síðan það var samþykkt á aðalfundi að ráða framkvæmdastjóra í starf fyrir félagið hefur slíkur verið starfandi. Starfsfólk félagsins er bundið ráðningarsamningi og starfslýsingu sem rammur inn störf þess. Auk þess er í handbók félagsins tiltekin helstu verkefni framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri situr alla fundi stjórnar þar sem hann er starfsmaður stjórnarinnar.

Á fundum stjórnar hefur hann tillögu rétt og málfrelsi en ekki atkvæðisrétt. Misjafnt er á milli aðildarféлага BHM hvort kveðið er á um ráðningu starfsfólks í lögum og ætlar stjórn ÞÍ að óska álits lögmanns bandalagsins á því“.

Lagnefnd telur mikilvægt að gögn varðveitist á milli starfsára svo að þekking flytjist á milli félagsmanna sem starfa í lagnefnd. Stofnaður var teams hópur fyrir lagnefnd þar sem hægt er að vista og deila gögnum á milli ára. Auk þess verður hægt að færa eldir gögn þangað. Meðlimir lagnefndar á starfsárinu 2022 til 2023 fannst starfið ánægjuleg og gefandi. Það hefur verið áhugavert að skoða lög félagsins út frá Íslensku samfélagi og setja í samhengi við það starf sem þroskaðjálfar vinna.

Áræðni - Framþróun - Sveigjanleiki


Skýrsla fagraðs 2022-2023

Starf fagraðs frá síðasta aðalfundi hefur litast af undirbúningi starfsdaga sem haldnir voru í lok janúar. Fagrað hefur haldið áfram að nýta sér rafrænar lausnir og haldið flesta fundi sína í gegnum Teams. Ráðið hefur frá síðasta aðalfundi haldið 12 formlega fundi ásamt því að nýta spjallþræði til að fylgja málum eftir. Það er langt síðan við gátum hist og haft gaman en í lok janúar 2023 voru haldnir starfsdagar á Hótel Örk undir heitinu Fagmaðurinn og ég. Það voru rúmlega 250 þroskaðjálfar sem mættu á starfsdagana, hlýddu á fyrirlesara og tóku þátt í sprelli. Eitt af aðal markmiðum starfsdaganna, fyrir utan fræðsluna, var að tengja þroskaðjálfa saman og víkka þannig út tengslanet okkar. Vinnuhóparnir fengu meðal annars það verkefni að skrá niður hvaða endurmenntun fólk óskaði eftir og mun nýtt fagrað fá þann lista í hendur. Vinnuhóparnir svöruðu líka spurningunni Hvað tekur þú með þér frá starfsdögum? Svörin voru mörg og góð en hér fylgja nokkur;

- Áhrifa hringur hverju ég stjórna og hverju ekki
- Jákvæðni -byrja daginn á að finna eitthvað jákvætt -horfa á hluti sem pirra mann á annan hátt
- Bera ábyrgð á sjálfum sér og leyfa öðrum að bera ábyrgð á sér
- Teymis- og þverfagleg vinna
- Skiptir máli að vera betri ég - hefur áhrif á umhverfið
- Diskótek

- Hækka flugið. Vera meðvituð um með hvaða viðhorf, maður gengur inn í verkefni
- Velliðan og samskipti á vinnustað, hundurinn, hliðarborðið. Samskiptin við aðra þroskaðjálfa að kynnast öðrum
- Sjálfsmildi - við erum verkfæri
- Hundinn (hrista af sér þegar komið er út af vinnustað)
- Hvernig vinnustað viljum við hafa? -samskipti -velja vinnuna a hverjum degi, við erum ekki í nauðungarvinnu
- Hækka flugið yfir vandamálið
- Aukinn eldmóður. Endurflokkun á hugmyndum. Stuðningur frá kollegum. Tengslanet.
- Nýta betur handleiðslu
- Að anda til að róta taugarnar- geta áttað sig á líðan annara
- Vera meðvitaður í samskiptum
- Jákvætt hugarfar og líta inn á við
- Umburðarlyndi/æðruleysi Félagsskapur og tengsl Aukið faglegt tengslanet
- Svo mikilvægt að við stöndum með okkur og að á okkur sé hlustað

Eftir aðalfund mun nýtt fagrað koma saman og skipuleggja áframhaldandi fræðslu en þrír nýir fulltrúar munu setjast í ráðið. Lilja, Auður og Særún þakka kærlega fyrir samstarfið og hlökkum til að mæta á næstu fræðslu.


1965 - 2023

Skýrsla útgáfuráðs 2022-2023

Útgáfuráð hóf vinnu við nýtt tölublað Þroskaþjálfans haustið 2022. Meðlimir hafa fundað nokkrum sinnum í vetur, deilt hugmyndum og aflað efnis. Þegar þetta er ritað er allt efni blaðsins tilbúið. Blaðið er í prófarkalestri og uppsetning, yfirlestur og lokafrágangur framundan. 1. tbl. 21. árgangur ætti að sjá dagsins ljós í maí 2023. Blaðið mun koma út á netinu og verður aðgengilegt á vefsíðu Þroskaþjálfafélags Íslands eins og undanfarin ár.

Öflun efnis er það sem tekur mestan tíma og útheimtir mesta orku í starfi útgáfuráðs. Það er við hæfi að hvetja þroskaþjálfara hvar sem þeir eru staddir til þess að taka þátt í vinnslu blaðsins. Þroskaþjálfinn er málgað og fagtímarit þroskaþjálfara. Útgáfuráð hvetur þroskaþjálfara að sjálfsögðu til þess að skrifa greinar í blaðið, en það er líka hægt að hafa samband ef fólk hefur hugmyndir um efni sem það vill sjá í blaðinu.

Skýrsla siðanefndar 2022-2023

Hlutverk siðanefndar er að stuðla að siðferðilegri íhugun og vitund meðal þroskaþjálfara og halda siðferðilegri umræðu á lofti innan félagsins. Til siðanefndar er hægt að beina fyrirspurnum um ráðgjöf og umfjöllun um siðferðileg málefni, auk erinda vegna hugsanlegra brota á siðareglum félagsins. Siðanefnd úrskurðar um erindi sem henni berast um meint brot á siðareglum ÞÍ eins og þær eru á hverjum tíma.

Á þessu starfsári hefur siðanefnd fundað sjö sinnum í húsnaði BHM. Einn af þeim fundum var nokkurs konar starfsdagur siðanefndar, sem frestaðist frá vordögum 2022.

Eitt formlegt erindi barst til siðanefndar á yfirstandandi starfsári, siðanefnd fjallaði um erindið, skoðaði gögn er málið varðaði og úrskurðaði um málið.

Siðareglur og starfsreglur siðanefndar eru aðgengilegar á heimasíðu Þroskaþjálfafélags Íslands www.throska.is



Skýrsla Vísindasjóðs 2022-2023

Framkvæmdastjóri Þroskaþjálfafélags Íslands gekk frá greiðslum Vísindasjóðsstyrkja fyrir 1. mars 2022 samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins.

Styrkir voru greiddir út fyrir tímabilið 1. janúar 2021 til 31. desember 2021. Alls voru greiddir 774 styrkir eða alls kr. **74.141.521.-**.

Skýrsla kjörnefndar 2022-2023

Nefndin kom nokkrum sinnum saman á netfundum og tók stöðuna, eftir það fóru samskiptin fram í gegnum tölvupósta.

Verkefni kjörnefndar er að leita eftir framboðum í stjórn, ráð og nefndir á vegum félagsins.

Níu þroskaþjálfar luku kjörtímabili sínu í stjórn, ráðum og nefndum félagsins, fjórir gáfu kost á

sér til áframhaldandi setu og eru níu nýir þroskaþjálfar sem gefa kost á sér til setu í stjórn, ráðum og nefndum. Vel gekk að manna í öll embættin. Kjörnefnd vill bjóða nýja þroskaþjálfar í stjórn, ráðum og nefndum velkomna til starfa og þakkar þeim sem ljúka störfum fyrir vel unnin störf.

Áræðni - Framþróun - Sveigjanleiki

Tillögur kjörnefndar í stjórn, nefndir og ráð fyrir 2022-2024

Stjórnarmenn	hlutverk	verður áfram/ segir af sér	gefur kost á sér í stjórn 2023-2024
Stjórn PÍ			
Laufey E. Gissurardóttir	formaður	(2022-2024)	
Halldóra J. Sanko	varaformaður	(2021-2023)	Halldóra J. Sanko
Jóhanna Lilja Ólafsdóttir		(2021-2023)	Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Særún Ósk Böðvarsdóttir		(2022-2024)	
Steinunn Jónsdóttir		(2022-2024)	
Hanna Kristín Sigurðardóttir		(2021-2023)	Anna Björk Sverrisdóttir
Bjarnveig Magnúsdóttir		(2022-2024)	
Útgáfuráð			
Jenný Þórkatla Magnúsdóttir		(2022-2024)	
Erla Björgvinsdóttir		(2022-2024)	
Trausti Júlíusson		(2021-2023)	Trausti Júlíusson
Helga Sigurðardóttir		(2021-2023)	Anna María Snorradóttir
Guðrún Benjamínsdóttir		(2022-2024)	
Rósa Hrönn Árnadóttir		(2021-2023)	Rósa Hrönn Árnadóttir
Fagrað			
Særún Sigurjónsdóttir		(2021-2023)	Aron Freyr Hermannsson
Ólöf Haflína Ingólfssdóttir		(2022-2024)	
Halldóra Kolka Ísberg		(2022-2024)	
Lilja Össurardóttir		(2021-2023)	Sigríður Árnadóttir
Auður Björk Kvaran		(2021-2023)	Jóhanna Margrét Einarsdóttir
Sunna Mjöll Bjarnadóttir		(2022-2024)	
Kolbrún Stígsdóttir		(2022-2024)	
Laganefnd			
Ólafía M. Hinriksdóttir		(2021-2023)	Damian Marek Idzikowski
Bjargey Hinriksdóttir		(2021-2023)	Guðlaug Valgeirsdóttir
Arne Friðrik Karlsson		(2022-2024)	
Bryndís Guðmundsdóttir		(2021-2023)	Katrín Eyjólfssdóttir
Björn Finnbogason		(2022-2024)	
Kjörnefnd			
Valborg Helgadóttir		(2021-2023)	Stefanía Smáradóttir
Hanna Guðrún Sigurjónsdóttir		(2022-2024)	
Álfheiður Hafsteinsdóttir		(2021-2023)	Álfheiður Hafsteinsdóttir
Íris Björk Ágústssdóttir		(2022-2024)	
Ragnhildur Þórarinsdóttir		(2022-2024)	

Skoðunarmenn reikninga kosnir árlega

Sigríður Rut Hilmarsdóttir

Fanney Sumarliðadóttir

Fulltrúar sem stjórn tilnefni**Siðanefnd**

Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir

(2021-2024)

Guðný Sigurjónsdóttir

(2022-2025)

Sigrún Broddadóttir

(2023-2026)

Varamenn í Siðanefnd

Árni Már Björnsson


(2023-2024)


Friðrik Sigurðsson

(2022-2025)

Signý Þórðardóttir

(2023-2026)





58
ára

1965 - 2023



ÞROSKAPJÁLFAFÉLAG
ÍSLANDS

